



Sumarstarf SFS 2019

Kynning á fundi skóla- og frístundaráðs 14. maí 2019





Upplýsingar um sumarstarfið

- Frístundavefurinn www.fristund.is
- Íþróttá- og tómstundastarf sem er í boði fyrir börn og unglunga í Reykjavík.
- Leitarvél, aldur, hverfi, tímabil, efnisflokkur o.fl.
- Upplýsingabréf sent til allra foreldra barna og unglunga í grunnskólum Reykjavíkur í gegnum Mentor/Námfús.






Sumarfrístund fyrir 6-9 ára

- Markmið er að börn fái að taka þátt í fjölbreyttu sumarstarfi undir handleiðslu fagfólks og reyndra starfsmanna. Lögð er áhersla á að kynna fyrir börnunum þeirra nærumhverfi og ekki síst að kynnast borginni á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt.
- Heilsárs frístundaheimili - frístundastefnan:
 - Sumarið 2018 í öllum frístundaheimilum borgarinnar nema einu
 - Sumarið 2019 verður sumarfrístund í öllum 39 frístundaheimilunum í borginni
- Í 4 sértækum félagsmiðstöðvum (10-16 ára)
- Starfið hefst 11. júní, tvö fjögurra daga námskeið í byrjun
- Flestir starfsstaðir loka í 4 vikur um mitt sumar, nema á einum stað í hverju hverfi er lokað í 3 vikur
- Skráning hófst 11. apríl s.l. (nokkuð fyrr en áður)





Sumarsmiðjur og stutt námskeið fyrir 10-12 ára

- Margvíslegar smiðjur skipulagðar frá hverri frístundamiðstöð eða félagsmiðstöð
- Sumarið 2018 var boðið upp á 229 smiðjur, 2908 skráningar
- Áhersla á skapandi smiðjur og útivist í bland við hefðbundnar og vinsælar smiðjur sem krakkarnir taka þátt í að móta
- Verið að gera alls konar tilraunir með þetta starf eins og vikunámskeið og hópastarf
- Starfsemin hefst 11. júní og er starfrækt í 4-7 vikur
- Skráning hefst 15. maí



Gjaldskrá í sumarstarfi SFS

Sumarfrístund fyrir 6-9 ára


- Heil vika - fimm virkir dagar:
 - Verð fyrir 5 daga kl. 9-16, **kr. 9.164**
 - Verð fyrir viðbótarstund í 5 daga kl. 8-9 **kr. 2.674**
 - Verð fyrir viðbótarstund í 5 daga kl. 16-17 **kr. 2.674**
- Styttri vika - fjórir virkir dagar:
 - Verð fyrir 4 daga kl. 9-16, **kr. 7.337**
 - Verð fyrir viðbótarstund í 4 daga kl. 8-9, **kr. 2.140**
 - Verð fyrir viðbótarstund í 4 daga kl. 16-17, **kr. 2.140**
- Mánuðurinn fyrir 8 tíma dvöl í sumarfrístund kostar því kr. 47.352 en kr. 14.880 fyrir 8 tíma dvöl á leikskóla – fæðisgjald ekki meðtalið.

Sumarsmiðjur fyrir 10 -12 ára

- Verð A* **kr. 700**
- Verð B* **kr. 1.389**

*Ef sumarsmiðja stendur yfir í meira en einn dag er verðið margfaldað með fjölda daga.





Félagsmiðstöðvastarf

- Opið starf og klúbbastarf fyrir unglunga 13-16 ára þriðju kvöld (og seinni part dags) í viku fram í miðjan júlí
- Hjá Kringlumýri eru ekki allar félagsmiðstöðvarnar opnar, en þá opið lengur yfir sumarið í staðinn
- Félagsmiðstöðvarhópar (unglingar úr 8. og 9. bekk) í samvinnu við Vinnuskólann
- Pop-up opnanir félagsmiðstöðva Tjarnarinnar, víðs vegar um hverfin
- Félagsmiðstöðvastarf f. fötluð börn 10-16 ára, samvinna við Vinnuskólann vegna fatlaðra unglunga í 8., 9. og 10. bekk



Annað í sumar

- Leitarstarf m.a. á Secret Solstice, 17. júní og menningarnótt.
- Útivistarmiðstöðin Gufunesbær, klifur, blakvellir, eldstæði, leikir, rathlaupabraut o.fl.
- Brúðubíllinn með sýningar í júní og júlí
- Opið allar vikurnar í Guluhlíð og Öskju, allir taka þó a.m.k. tveggja vikna sumarfrí nema ef um undanþágu er að ræða sbr. skýrslu starfshóps sem var samþykkt í SFS ráðinu vorönn 2016



Sumarið 2018

- Sumarið 2018 var sumarfrístund fyrir 6 – 9 ára gömul börn starfrækt á 38 stöðum frá 8. júní – 21. ágúst.
- Fjöldi þeirra sem hefur tekið þátt í sumarfrístund frá 2010 má sjá í töflu
- Kynjahlutfallið í sumarfrístund er yfirleitt mjög jafnt, þó heldur fleiri strákar sem taka þátt í sumum hverfum.

2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
4439	4.115	4.184	4.711	5.572	6.031	5.446	6.648	7.235

